

Stofnanasamningur

Starfsgreinasambands Íslands (SGS) annars vegar og Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs hins vegar

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til félagsmanna í SGS og ráðnir eru til starfa hjá Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarði í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með stofnanasamningnum:

- Að launaröðun verði gegnsæ.
- Að konur og karlar í sambærilegum störfum njóti sömu launakjara.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná markmiðum stofnananna.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri til starfsþróunar.

3. Starfaflokkar

3.1 Skilgreiningar á eðli starfa

Stofnanasamningurinn tekur til tvenns konar starfa, annars vegar starfa landvarða og hins vegar annarra starfa.

3.2 Skilgreining starfsheita

Landvörður: Starfsmaður sem starfar í þjóðgarði eða á friðlýstu svæði við móttöku gesta, fræðslu, náttúrutúlkun, eftirlit með viðkomandi svæði, lagningu og merkingu gönguleiða og öryggismál í samráði við næsta yfirmann og samkvæmt nánari starfslýsingu. Landvörður vinnur undir stjórn yfirlandvarðar, þjóðgarðsvarðar eða deildarstjóra.

Svæðalandvörður: Sinnir starfi landvarðar samkvæmt viðeigandi starfslýsingu þar sem fleiri en eitt friðlýst svæði fellur undir landvörslu. Svæðalandvörður vinnur undir stjórn yfirlandvarðar, þjóðgarðsvarðar eða deildarstjóra.

Yfirlandvörður: Sama og landvörður nema yfirlandvörður sér að auki um verkefnaúthlutun, að útbúa verk- og tímaáætlanir og skila skýrslu um ástand og framkvæmdir svæðisins í lok sumars. Vinnur í samráði við næsta yfirmann

Aðrir starfsmenn: Verkamannastörf, afgreiðslustörf og önnur störf. Starfsmaður vinnur undir stjórn næsta yfirmanns.

3.3 Grunnröðun starfa

- 005: Landvörður
- 005: Svæðalandvörður
- 006: Yfirlandvörður
- 003: Landvörður án réttinda
- 002: Aðrir starfsmenn

Ch.A. M
PDA kb
0.9

4. Viðbótarforsendur við mat á launaröðun

Hámarksfjöldi viðbótarflokka vegna 4.1. - 4.3. er 4 launaflokkar.

4.1 Starfsreynsla

Starfsmaður sem öðlast hefur starfsreynslu hjá þeim stofnunum sem aðild eiga að samningnum skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður skal hækka um einn launaflokk eftir eitt sumar.
- Starfsmaður skal hækka um einn launaflokk til viðbótar eftir þrjú sumar
- Starfsmaður skal hækka um einn launaflokk til viðbótar eftir sex sumar í starfi

Með sumri er átt við að lágmarki 8 vinnuvikum. Farið er yfir fjölda vinnuvikna við upphaf ráðningar að vori hjá því starfsfólki sem hefur verið áður í starfi og ekki náð heilu sumri árið á undan og gildir hækkun frá nýju ráðningartímabili eftir því sem við á.

4.2 Menntun

Formleg menntun sem nýtist í starfi skal metin með eftirfarandi hætti:

- Háskólapróf (BA, BSc, eða BEd) 1 launaflokkur
- Sveinspróf 1 launaflokkur

4.3 Starfsnám, sí- og endurmenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka samkvæmt eftirfarandi:

Starfsmenntun

- | | |
|--|----------------|
| • Leiðsögunám | 1 launaflokkur |
| • Ferðamálafræði á framhaldsskólastigi | 1 launaflokkur |
| • Sjúkraliðanám | 1 launaflokkur |
| • Færni í ferðaþjónustu I-II | 1 launaflokkur |

Sí- og endurmenntun sem nýtist í starfi svo sem skyndihjálparmenntunarnám fyrir landverði skal metin sem hér segir þegar tímalengdum er náð:

Þegar 60 kennslustundum er náð, hækkar starfsmaður um 1 launaflokk

Þegar 120 kennslustundum er náð til viðbótar, hækkar starfsmaður um 1 launaflokk

Þegar 240 kennslustundum er náð til viðbótar, hækkar starfsmaður um 1 launaflokk

Að jafnaði skal ekki meta sí- og endurmenntun sem er eldra en 10 ára ef starfsmaður hefur ekki nýtt þá þekkingu í starfi undanfarin 5 ár.

Sama nám skal ekki metið oftar en einu sinni.

KG
FDT
AS
6.8

Sameiginlegar bókanir með stofnanasamningi Starfsgreinasambands Íslands annars vegar og Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs hins vegar, dagsettum 18. maí 2010.

Bókun 1

Fæðispeningar verði 3 einingar á dag við gildistöku stofnanasamnings.

Bókun 2

Stofnun greiðir fyrir ferðir í upphafi starfstíma og við lok hans. Þegar starfsmaður fer í frí á ráðningartíma til og frá ráðningarstað telst sá ferðatími til vinnutíma samkvæmt vinnutímatímafyrirkomulagi á viðkomandi ráðningarstað. Eftirfarandi gildir um ferðir:

Ráðningartími 3-4 vikur	Ferð í upphafi og lok + 1 ferð frí
Ráðningartími 5-8 vikur	Ferð í upphafi og lok + 2 ferðir í frí
Ráðningartími 9-12 vikur	Ferð í upphafi og lok + 3 ferðir í frí
Ráðningartími 13-16 vikur	Ferð í upphafi og lok + 4 ferðir í frí

Bókun 3

Landvörður fær afhent vinnuföt vegna starfsins. Þau eru eign viðkomandi stofnunar og skulu bera glögg einkenni hennar og starfsheiti starfsmanns. Fatnaðnum ber að skila við starfslok. Fyrir 11 vikna starf skal landvörður fá gegn framlögðum reikningi endurgreiddar allt að kr. 13.500,- vegna skófatnaðar. Greitt skal hlutfallslega fyrir styttri vinnutímabil.

W.A.K. Jóni G.A.
Kb
PDA

4.4 Aðrir þættir

Starfsmaður getur hækkað um einn launaflokk fyrir hvert að neðangreindu, þó að hámarki 2 flokkar.

- Hefur tungumálþekkingu sem nýtist í starfi umfram íslensku og ensku.
- Hefur próf til aukinna ökuréttinda enda nýtist það í starfi.
- Hefur vinnuvélapróf enda nýtist það í starfi.
- Er eða hefur verið fullgildur meðlimur í björgunarsveit.

Heimilt er að taka tillit til fleiri þátta enda sýnt að þeir nýtist í starfi.

5. Réttur til endurmats á starfi

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofangreindar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurskoðaða. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar.

6. Gildistími og endurskoðun


Samningur þessi tekur gildi 30. mars 2010 og skal endurskoðaður í samræmi við 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra eða þegar einn eða fleiri sammingsaðilar óska þess.

Reykjavík, 18. maí 2010


F.h. Umhverfisstofnunar



F.h. Vatnajökulsþjóðgarðs



F.h. Landvarðafélags Íslands



F.h. Starfsgreinasambands Íslands

